

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Reykjavík 7. júní 2019  
UST201904-067/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 12. apríl 2019 þar sem áformað var að áminna Vopnafjarðarhrepp vegna frávika sem skráð voru í eftirliti þann 25. september 2018. Þann 17. apríl sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Á urðunarsvæðinu var nokkuð um málmhluti. Þessa hluti skal flytja af urðunarsvæðinu og koma til endurvinnslu eða rúmast ofan í gámi sem sérstaklega er ætlaður fyrir brotamálm. Heimilt er að geyma brotamálm á svæðinu en það magn sem geymt er skal rúmast ofan í einum gámi og skal magnið yfir árið ekki vera meira en 26 tonn. Ath. að málmar eiga ekki að vera í langtímageymslu á urðunarsvæðinu. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður reynt að setja strax í gám allan þann málm sem kemur á urðunarsvæðið. Fram kemur að sú staða geti komið upp að gámurinn fyllist og beðið sé eftir nýjum gámi og að þá geti safnast upp málmar á svæðinu. Verktakinn sem sér um svæðið muni reyna að vinna þannig að þessi staða komi ekki upp. Stofnunin ítrekar að ef slíkt gerist, er um frávík frá starfsleyfi að ræða. Þessu verður fylgt eftir í næsta eftirliti.**
- 2. Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkið og starfa samkvæmt þeim. Ekki er vitað til þess að sveitarfélagið hafi sett sér umhverfismarkmið en þau hefðu átt að liggja fyrir 1. mars 2016. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila mun sveitarfélagið ráða starfsmann sem mun taka umhverfis- og öryggismál föstum tókum. Sett verða umhverfismarkmið fyrir sveitarfélagið og er áætlað að þeirri vinnu ljúki í október 2019. Stofnunin fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og óskar eftir því að umhverfismarkið verði send stofnuninni þegar þau eru tilbúin.**
- 3. Gr. 2.9 í starfsleyfi.** Hreinsa þarf burt plast, málma o.fl. úr urðunarrein fyrir grófan úrgang og koma því til endurvinnslu. Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið hreinsað við urðunarreinar og mun restin af svæðinu vera hreinsuð fljótlega. Stofnunin fellst á úrbótaáætlunina og mun taka úrbætur út í næsta eftirliti.**
- 4. Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Þekja úrgangs var ófullnægjandi. Úrgangur var sýnilegur í öllum reinum. Ummerki voru um vargfugl og fok úrgangsefna mátti finna um urðunarstaðinn. Ath. að úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarhólf skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu

og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið vera að lágmarki 15 cm að þykkt. Samskonar frávik var staðfest í eftirliti 2016 og 2017. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að farið hafi verið yfir verklag með verktaka sem sér um að urða sorpið og mun hann sjá til þess að huluefni yfir sorpi verði a.m.k. 15 cm. að þykkt. Reynt sé að haga urðun á þann hátt að þegar ný hola er tekin, sé til nægilega mikið af sorpi til að urða svo holunni megi loka samdægurs. Stofnunin fellst á framangreint og mun taka úrbætur út í næsta eftirliti. Stofnunin bendir á að gott væri að hafa verkferla varðandi þessi atriði. Ef slíkir ferlar eru fyrir hendi, væri gott að bæta uppfærðu verklagi inn í verkferil.


**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands